

**STJÓRNARFUNDUR SSNV HALDINN Á SKRIFSTOFU BLÖNDUÓSBÆJAR
HNJÚKABYGGÐ 33 BLÖNDUÓSI, ÞRIÐJUDAGINN 29. JANÚAR 2013 KL 15:00**
Þriðjudaginn 29. janúar 2013 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar á Blönduósi.

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. Almenningsamgöngur

- a. **Flug til Sauðárkróks.** Formaður kynnti að náðst hafa samningar við Eyjaflug um reglubundið áætlunarflug til Sauðárkróks til reynslu í eitt ár. Í fjárlögum ársins 2013 er gert ráð fyrir 10 milljóna króna stuðningi við verkefnið. Umræður urðu um málið og eftirfarandi bókun samþykkt. *Stjórn SSNV fagnar þeirri breytingu sem orðið hefur að í stað þess að ríkið sjái beint um almenningsamgöngur á landi milli sveitarfélaga og til höfuðborgarinnar hefur landshlutasamtökum sveitarfélaga verið falið það með framlagi frá ríkinu. Að mati stjórnar er innanlandsflug hluti almenningsamgangna hér á landi. Flugsamgöngur við alla landshluta, þar með talið Sauðárkrók eru því afar brýnar. Í ljósi samsvörunar við almenningsamgöngur á landi óskar stjórn SSNV eftir því að innanríkisráðuneytið líti á flugið til Sauðárkróks sem tilraunaverkefni í frekari þróun almenningsamganga hér á landi og býðst til að hafa milligöngu um málið á sambærilegan hátt og varðandi almenningsamgöngur á landi.*
- b. **Viðbótar akstursþjónusta.** Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað frá VSÓ ráðgjöf. varðandi tillögu að verklagi við kaup á viðbótarakstursþjónustu í tengslum við hugmyndir um aukna þjónustu og nýjar leiðir. Stjórn óskar eftir að Strætó framkvæmi verðkönnun sem miði að því að fjölga akstursleiðum í tengslum við leið 57. Þannig að komið verði á akstri í Hóla og Hofsós m.v pöntunarþjónustu. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samráði við Strætó og VSÓ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:30 Jón Óskar Pétursson fundarritari